

Próf í verðbréfavíðskiptum A-hluti

Nóvember 2003

**Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%)
Ágrip úr réttarfari (25%), Ábyrgðir (25%)**

Próf í verðbréfavíðun samkvæmt 11. gr. laga nr. 13/1996 og reglugerð nr. 301/1999.

Leyfileg hjálpargögn: Lagasafn, A-deild Stjórnartíðinda og sérprentanir af lögum (m.a. af Netinu)

ATH prófið er 11 blaðsíður í heildina vinsamlegast gagnið úr skugga um að þið hafið allar blaðsíðurnar.

„Íslensk réttarskipun og evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar“ (50%)

Mánudagur 10. nóvember 2003 16:00-20:00

Próf í verðbréfamíðlun samkvæmt 11. gr. laga nr. 13/1996 og reglugerð nr. 301/1999.

Leyfileg hjálpargögn: Lagasafn, A-deild Stjórnartíðinda og sérprentanir af lögum
(m.a. af Netinu)

Svarist eingöngu á svarblað fyrir krossasurningar

Athugið eftirfarandi:

- i. Að svara krossasurningum á sérstakt svarblað fyrir krossasurningar og fylgja þeim leiðbeiningum sem þar koma fram
- ii. Að merka aðeins við eitt rétt svar í hverri spurningu
- iii. Að dregið er frá fyrir röng svör (fjögur röng svör draga niður eitt rétt)
- iv. Að vægi fyrir krossasurningar er jafnt (hver spurning gildir 2%)

1. Hver af eftirfarandi fullyrðingum er rétt?

- a. Aðferðir við lögskýringar eru lögbundnar að íslenskum rétti
- b. Aðferðir við lögskýringar eru lögbundnar að íslenskum rétti, sbr. þó 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið
- c. Aðferðir við lögskýringar eru aldrei lögbundnar að íslenskum rétti
- d. Aðferðir við lögskýringar eru yfirleitt ekki lögbundnar að íslenskum rétti

2. Með rýmkaði lögskýringu:

- a. Er efni ákvæðis skýrt í samræmi við merkingu orða þess, en merking einstaks orðs er skýrð rýmkaði
- b. Er efni ákvæðis skýrt í samræmi við merkingu orða þess, en merking einstaks orðs er skýrð þrengjandi
- c. Er efni ákvæðis skýrt samkvæmt rýmkaði lögskýringasjónarmiðum
- d. Er efni ákvæðis skýrt samkvæmt orðanna hljóðan
- e. Öll framangreind svör eru röng

3. Almennar málvenjur:

- a. Skipta aldrei máli við lögskýringar
- b. Skipta aldrei máli við lögskýringar nema þegar um er að ræða lögfræðileg hugtök
- c. Skipta aðeins máli við lögskýringar þegar sérfræðihugtök eru skýrð
- d. Svör b. og c. eru bæði rétt
- e. Öll framangreind svör eru röng

4. Hver af eftirfarandi fullyrðingum er röng?
- a. Orð geta haft mismunandi merkingu eftir lagabálkum, t.d. orðið „barn“ í barnalögum annars vegar og erfðalögum hins vegar
 - b. Merking orða kann að vera skýrð í sérstökum lögskýringagreinum
 - c. Álitsgerðir um merkingu orða eru algengar í dómsmálum ef vafi rís um merkingu tiltekins orðs í lagaákvæði
 - d. Lögfræðileg málvenja, ef hún á við, gengur almennt framur almennri málvenju við skýringu orðs í lagaákvæði
 - e. Sérfræðilegar málvenjur koma fyrst og fremst til greina ef um er að ræða skýringu sérfræðilegra hugtaka

5. Dómarinn A hefur komist að þeirri niðurstöðu í dómsmáli að skýra beri ákvæðið „Akstur vélknúinna ökutækja er bannaður í garðinum“ á þá leið að það sé því ekki til fyrirstöðu að maður fari um garðinn á rafknúnum hjólastól. Hann er þó engu síður þeirrar skoðunar að rafknúinn hjólastóll sé strangt til tekið vélknúið ökutæki. Hvers eðlis er lögskýring dómarans?

- a. Almenn lögskýring
- b. Ákvarðandi lögskýring
- c. Rýmkandi lögskýring
- d. Þrengjandi lögskýring
- e. Öll framangreind svör eru röng

6. Til svonefndra undirbúningsgagna laga teljast:
- a. Greinargerðir (athugasemdir við lagafrumvörp)
 - b. Nefndarálit
 - c. Pólitískar stefnuýfirlýsingar stjórnmalaflokka sem ráðið hafa lagasetningu
 - d. Svör a., b., og c. eru öll rétt
 - e. Svör a. og b. eru bæði rétt

7. Lagasamræmi er dæmi um:

- a. Lögskýringagagn
- b. Lögskýringakenningu
- c. Lögskýringaleið
- d. Lögskýringasjónarmið
- e. Lögskýringaatriði

8. Greinargerðir með lagafrumvörpum:

- a. Má aldrei nota við lögskýringu, enda eru þær ekki hluti sjálfra laganna
- b. Má nota við lögskýringu, enda eru þær formlega hluti sjálfra laganna
- c. Má nota við lögskýringu, enda þótt þær víki fyrir skýrum ákvæðum laganna
- d. Má nota við lögskýringu, enda ganga þær framur skýrum ákvæðum laganna
- e. Þekkjast ekki að íslenskum rétti

9. Lögskýringakenningar:

- a. Segja til um hvaða lögskýringaleið skuli valin við lögskýringu
- b. Eru annað orð yfir lögskýringasjónarmið
- c. Má aldrei nota við lögskýringu að íslenskum rétti
- d. Segja til um hvaða eigi að ráða ferðinni við lögskýringu
- e. Mega aldrei vera í ósamræmi við skýran texta lagaákvæðis

10. Með lagasamræmi (samræmisályktun):

- a. Er lagaákvæði skýrt með hliðsjón af öðru ákvæði í sama lagabálki
- b. Er lagaákvæði skýrt með hliðsjón af öðru ákvæði í öðrum lagabálki
- c. Er lagaákvæði skýrt með hliðsjón af öðru ákvæði í stjórnarskránni
- d. Öll framangreind svör eru rétt
- e. Öll framangreind svör eru röng

11. Dómarinn A hefur komist að þeirri niðurstöðu í dómsmáli að skýra beri ákvæðið

„Akstur vélknúinna ökutækja er bannaður í garðinum“ á þá leið að það hjólabretti falli

ekki þar undir. Hann veltir því hins vegar fyrir sér hvort hjólabretti séu svo eðlislík

eða sambærileg vélknúnum ökutækjum að rétt sé að telja að akstur hjólabretta sé

bannaður í garðinum þótt engin lagaákvæði banni slíkan akstur. Ef þetta verður

niðurstaða dómarans hefur dómarinn beitt ...:

- a. Gagnályktun
- b. Lögjöfnun
- c. Lagasamræmi
- d. Rýmkaði lögskýringu
- e. Hugrænum lögskýringakenningum

12. Eftir umhugsun hefur dómarinn A komist að þeirri niðurstöðu í málinu hér að

framan (sbr. sp. nr. 11) að umferð hjólabretta sé leyfileg í garðinum. Í rökstuðningi

dómarans fyrir þeirri niðurstöðu kemur fram að þar sem ekki verði fundið neitt

lagaákvæði sem banni akstur hjólabretta í garðinum þá hljóti slíkur akstur að vera

leyfilegur. Niðurstaða dómarans byggir á ...:

- a. Gagnályktun
- b. Lögjöfnun
- c. Lagasamræmi
- d. Rýmkaði lögskýringu
- e. Hugrænum lögskýringakenningum

13. Nýlega gerðust þau tíðindi á Alþingi að sett voru lög sem kveða á um að mönnum sé heimilt að framleiða léttvín (allt að 15% styrkleika) til eigin neyslu. Sú gagnrýni hefur komið fram að lögin hljóti að vera ógild og að vettugi virðandi þar sem þau gangi gegn berlega áratugalöngu banni áfengislaga við hvers konar framleiðslu áfengis. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt í þessu sambandi:

- a. Gagnrýnin á við rök að styðjast. Lögin hljóta að vera ógild þar sem eldri lög ganga ávallt framur yngri lögum
- b. Gagnrýnin á við rök að styðjast. Lögin hljóta að vera ógild þar sem áfengislög eru æðri lög (grundvallarlög) og ganga framur lægra settum lögum (almennum lögum)
- c. Gagnrýnin á við rök að styðjast. Lögin hljóta að vera ógild þar sem áfengislög eru sérlæg og ganga framur almennum lögum framleiðslu áfengis til eigin nota
- d. Gagnrýnin á ekki við rök að styðjast

14. Viðskiptavenja:

- a. Getur aldrei talist réttarvenja
- b. Getur talist réttarvenja að fullnægðum ákveðnum skilyrðum
- c. Er annað nafn á réttarvenju
- d. Er algengasta réttarheimild íslensks réttar
- e. Svör c. og d. eru bæði rétt

15. Reglur EES-samningsins:

- a. Má aldrei lögfesta að íslenskum rétti, sbr. tilgang og tilefni EES-samningsins
- b. Verður almennt að lögfesta að íslenskum rétti til þess að þær fái tilætluð réttaráhrif
- c. Verður almennt ekki að lögfesta að íslenskum rétti til þess að þær fái tilætluð réttaráhrif
- d. Verður almennt ekki að lögfesta að íslenskum rétti til þess að þær fái tilætluð réttaráhrif, ef reglurnar eru nægilega skýrar og óskilyrtar, sbr. skilyrði beinnar réttarverkunar
- e. Öll framangreind svör eru röng

16. Evrópubandalagið (EB):

- a. Hét eitt sinn Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), en heitir nú Evrópusambandið (ESB)
- b. Hét eitt sinn Efnahagsbandalag Evrópu (EBE)
- c. Hét aldrei Efnahagsbandalag Evrópu (EBE)
- d. Hét frá upphafi Evrópubandalagið (EB) og heitir enn
- e. Öll framangreind svör eru röng

17. Með yfirþjóðlegu valdi alþjóðlegrar stofnunar er m.a. vísað til eftirfarandi atriða:

- a. Reglur sem stofnunin setur eru ávallt settar með einróma samþykki allra aðildarríkja
- b. Reglur sem stofnunin setur öðlast beina réttarverkan og forgangsáhrif að landsrétti aðildarríkjanna

- c. Reglur sem stofnunin setur kunna að varða innanríkismál aðildarríkjanna
- d. Reglur sem stofnunin setur kunna að varða utanríkismál aðildarríkjanna
- e. Svör c. og d. eru bæði rétt

18. Hver af eftirfarandi fullyrðingum er rétt?

- a. Tilskipun/forsögn (e. Directive) bindur aðildarríki ESB samkvæmt markmiðum sínum og á að gefa þeim svigrúm um hvernig hún er framkvæmd
- b. Tilskipun/forsögn (e. Directive) hefur sömu réttaráhrif og reglugerð (e. Regulation)
- c. Tilskipun/forsögn (e. Directive) getur aldrei haft beina réttarverkan
- d. Svör b. og c. eru bæði rétt
- e. Öll framangreind svör eru röng

19. Hvað af eftirfarandi á við ef regla EB réttar er talin hafa beina réttarverkan?

- a. Innleiða verður regluna tryggilega til þess að einstaklingar og lögaðilar geti byggt rétt á reglunni
- b. Einstaklingur eða lögaðili getur byggt rétt á reglunni fyrir dómstólum aðildarríkis án tillits til þess hvort hún hefur verið lögfest
- c. Einstaklingur eða lögaðili getur byggt rétt á reglunni fyrir dómstólum aðildarríkis ef hún hefur verið lögfest
- d. Einstaklingur eða lögaðili getur aldrei byggt rétt á reglu fyrir dómstólum aðildarríkis
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt

20. Ólögfestar tilskipanir/forsagnir (e. Directives):

- a. Geta haft beina réttarverkan að uppfylltum sömu skilyrðum og reglur Rómarsáttmálans
- b. Geta aldrei haft beina réttarverkan
- c. Geta einungis haft beina réttarverkan þegar einstaklingur á rétt á hendur ríki eða stjórnvöldum ríkis
- d. Ekkert af ofangreindu er rétt

21. Um Framkvæmdastjórn EB gildir eftirfarandi:

- a. Í henni sitja fulltrúar sem kjörnir eru milliliðalaust í lýðræðislegum kosningum í aðildarríkjunum
- b. Í henni sitja ráðherrar úr ríkisstjórnnum aðildarríkjanna
- c. Í henni þingmenn úr þjóðþingum aðildarríkjanna
- d. Í henni sitja löglærðir sérfræðingar á sviði þjóða- og evrópuréttar
- e. Ekkert af framangreindu er rétt

22. Evrópska efnahagssvæðið:

- a. Er tollabandalag líkt og EB. Samkvæmt þessu eru það ekki aðeins vörur sem upprunnar eru í EES-ríkjum sem falla undir samninginn heldur einnig vörur sem löglega eru fluttar inn til þessara ríkja frá þriðju ríkjum
- b. Er tollabandalag líkt og EB. Samkvæmt þessu eru það aðeins vörur sem upprunnar eru í EES-ríkjum sem falla undir samninginn
- c. Er fríverslunarbandalag ólíkt EB. Samkvæmt þessu eru það aðeins vörur sem upprunnar eru í EES-ríkjum sem falla undir samninginn

- d. Er hvorki tollabandalag né fríverslunarbandalag heldur svonefnt efnahagssvæði
- e. Ekkert af framangreindu er rétt

23. Viðaukar EES-samningsins:

- a. Teljast hluti EES-samningsins og geyma tilvísanir til fjölmargra EB gerða
- b. Teljast hluti EES-samningsins, andstætt svokölluðum bókunum, og geyma tilvísanir til fjölmargra EB gerða
- c. Teljast ekki hluti EES-samningsins, en geyma tilvísanir til fjölmargra EB gerða
- d. Teljast hluti EES-samningsins og hafa að geyma ýmsar sérreglur sem ekki eiga sér hliðstæðu í EB-rétti, t.d. reglur um uppruna vara
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt

24. Ef íslenska ríkið brýtur gegn skyldum sínum samkvæmt EES-samningnum:

- a. Getur það leitt til skaðabótaskyldu ríkisins, ef einstaklingur verður fyrir tjóni og nánari skilyrði skaðabóta eru fyrir hendi
- b. Getur það aldrei leitt til skaðabótaskyldu íslenska ríkisins, sbr. tilgang og eðli EES-samningsins
- c. Getur það leitt til þess að Eftirlitsstofnun EFTA höfði mál gegn íslenska ríkinu fyrir brot á EES-samningnum
- d. Svör a. og c. eru bæði rétt.
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt

25. „EFTA-ríki EES geta ekki staðið í vegi fyrir því að nýjar reglur séu teknar upp í EES-samninginn“. Hvað af eftirfarandi á við um þessa fullyrðingu?

- a. Fullyrðingin er röng, enda þótt raunveruleg (pólitísk) áhrif EFTA-ríkjanna í þessu efni séu takmörkuð
- b. Fullyrðingin er rétt, enda gildir hér reglan um aukin meirihluta í EES-ráðinu og aðildarríki ESB hafa ávallt tilskilið atkvæðamagn
- c. Fullyrðingin er rétt, enda þótt raunveruleg áhrif EFTA-ríkjanna séu takmörkuð
- d. Ekki er um það að ræða að „nýjar reglur“ séu teknar upp í EES-samninginn. Fullyrðingin er því röng.

26. Íslensk stjórnskipun einkennist af:

- a. Sérstakri stjórnarskrá
- b. Þrígreiningu valdsins
- c. Sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar
- d. Svör a. og b. eru bæði rétt
- e. Svör a., b. og c. eru öll rétt

27. Með þingræði er átt við:

- a. Að þingið sé ráðandi afl í samfélaginu
- b. Að allar meiriháttar ákvarðanir verði að bera undir þingið
- c. Að engin ríkisstjórn geti setið nema með stuðningi eða a.m.k. hlutleysi þingsins
- d. Svör a. og b. eru bæði rétt

- e. Svör a., b. og c. eru öll rétt
28. Stjórnarskráin er æðst íslenskra laga. Í því felst að:
- a. Henni verður ekki breytt nema með samþykki þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu
 - b. Henni verður ekki breytt nema með sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu og með samþykki forseta
 - c. Henni verður ekki breytt nema með samþykki 3/4 hluta þingmanna, enda synji forseti breytingu ekki staðfestingar
 - d. Henni verður ekki breytt fyrr en gildistími hennar er liðinn og komið að því setja lýðveldinu nýja stjórnarskrá
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt
29. Í lýðveldinu felst:
- a. Að stjórn landsins skal vera lýðræðisleg
 - b. Að þjóðhöfðingi er kosinn í almennum kosningum
 - c. Að allt vald stafi frá þjóðinni
 - d. Að ekki er heimilt að breyta stjórnarskránni nema með þjóðaratkvæðagreiðslu
30. Í rúmustu merkingu sinni merkir orðið „lög“:
- a. Einstakan lagabálk og/eða settar réttarreglur
 - b. Hvers konar réttarreglur
 - c. Hvers konar skráð fyrirmæli handhafa allsherjarvalds
 - d. Hvers konar settar réttarreglur
 - e. Svör c. og d. eru bæði rétt
31. Allsherjarréttur:
- a. Er annað heiti á fræðigreininni þjóðaréttur
 - b. Er annað heiti á fræðigreininni ríkisréttur (þ.e. stjórnskipunarréttur og stjórnsýsluréttur)
 - c. Er sú fræðigrein lögfræðinnar sem fjallar um handhöfn og meðferð ríkisvalds (þ.á m. stjórnskipunarréttur, stjórnsýsluréttur, réttarfar og refsiréttur)
 - d. Skiptist í einkarétt (einkamálarétt) og opinberan rétt
 - e. Er sú grein þjóðaréttar sem fjallar um allsherjarréttarleg málefni þjóðanna
32. Réttarheimildir eru í stuttu máli:
- a. Fræðilegar heimildir um lögfræði
 - b. Greinagerðir, nefndarálit og athugasemdir við lagafrumvörp
 - c. Þau gögn, sú háttsemi, þær hugmyndir og hvaðeina annað, sem almennt er viðurkennt að löggjafinn megi eða skuli nota til rökstuðnings þegar réttarregla er sett eða hún er mótuð almennt eða í einstöku tilfelli
 - d. Fyrirmæli handhafa allsherjarvalds sem heimild hafa til þess að stjórnlögum eða öðrum lögum að mæla fyrir um háttsemi manna
 - e. Hvaðeina það sem almennt er viðurkennt að nota megi til rökstuðnings réttarreglu
33. Reglugerðir:
- a. Eru skráðar yfirlýsingar handhafa framkvæmdarvalds sem hafa heimild í almennum lögum að mæla fyrir um háttsemi manna

- b. Eru skráðar yfirlýsingar handhafa lagasetningarvalds sem hafa heimild að stjórnlögum til að mæla fyrir um háttsemi manna
- c. Eru skráðar viljayfirlýsingar Alþingis
- d. Bæði svör a. og b. eru rétt

34. Með settum lögum í þrengri merkingu er átt við:

- a. Skráðar viljayfirlýsingar Alþingis og forseta lýðveldisins
- b. Skráðar yfirlýsingar handhafa allsherjarvalds sem hafa heimild að stjórnlögum eða öðrum lögum að mæla fyrir um háttsemi manna, t.d. reglugerðir
- c. Skráðar yfirlýsingar handhafa lagasetningarvalds sem hafa heimild að stjórnlögum eða öðrum lögum til að mæla fyrir um háttsemi manna
- d. Skráðar yfirlýsingar handhafa framkvæmdavalds sem hafa heimild að stjórnlögum eða öðrum lögum að mæla fyrir um háttsemi manna
- e. Bæði a. og b. eru rétt svör

35. Til grundvallarlaga heyra:

- a. Öll ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
- b. Allar mikilvægustu réttarreglur íslensks réttar, þar á meðal allar reglur um mannréttindi
- c. Öll ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 auk ákvæða mannréttindaskrár lýðveldisins
- d. Flest öll ákvæði stjórnarskrárinnar
- e. Flest öll ákvæði stjórnarskrárinnar auk laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu

36. Hver af eftirtöldum lögum væri ekki skylt að leggja undir þjóðaratkvæði?

- a. Lög um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
- b. Lög sem forseti synjar staðfestingar
- c. Lög um breytingar kirkjuskipan ríkisins
- d. Lög sem falla undir 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar

37. Íslenskir dómstólar:

- a. Hafa vald til að meta hvort lög Alþingis samræmist grundvallarlögum og fella þau formlega úr gildi ef þau eru talin þeim andstæð
- b. Hafa ekki vald til að meta hvort lög Alþingis samræmist grundvallarlögum, ef frá er talinn Hæstiréttur Íslands og Stjórnlagadómstóll Íslands
- c. Hafa vald til að meta hvort lög Alþingis samræmist grundvallarlögum og virða þau að vettugi ef þau eru talin þeim andstæð
- d. Fjalla ekki um stjórnskipulegt gildi laga

38. Um stöðu Mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950, ásamt síðari viðaukum, samkvæmt gildandi íslenskum rétti, á eftirfarandi við:

- a. Sáttmálinn er fullgiltur og lögfestur, en dómar íslenskra dómstóla gefa þó til kynna að réttaráhrif hans séu ekki alfarið háð lögfestingu hans
- b. Sáttmálinn er fullgiltur, en hefur ekki verið lögfestur
- c. Sáttmálinn er fullgiltur og lögfestur, enda eru réttaráhrif hans alfarið háð lögfestingu hans

- d. Sáttmálinn er hvorki fullgiltur né lögfestur en hefur hlotið almenna viðurkenningu íslenskra dómstóla
39. Afdrif lagafrumvarps geta falist í því:
- a. Að verða ekki útrætt við þinglok og telst það sjálfkrafa lagt fram á næsta þingi
 - b. Að daga uppi hjá ríkisstjórn eftir að samþykkt Alþingis liggur fyrir
 - c. Að verða ekki útrætt við þinglok og falla þar með niður (daga uppi)
 - d. Að vera samþykkt eftir tvær umræður og öðlast þar með lagagildi
 - e. Að vera vísað frá þinglegri meðferð með ákvörðun forseta Alþingis
40. Samkvæmt stjórnarskránni getur forseti lýðveldisins:
- a. Synjað lagafrumvarpi staðfestingar, en frumvarpið fær þó engu að síður gildi
 - b. Synjað lagafrumvarpi staðfestingar og öðlast frumvarpið þá ekki gildi fyrir en úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt eða synjun þess liggja fyrir
 - c. Synjað lagafrumvarpi staðfestingar að uppfylltum sérstökum skilyrðum og öðlast frumvarpið þá ekki gildi fyrir en úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt eða synjun þess liggja fyrir
 - d. Synjað lagafrumvarpi staðfestingar með atbeina forsætisráðherra og öðlast frumvarpið þá ekki gildi fyrir en úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt eða synjun þess liggja fyrir
41. Um bráðabirgðalög gildir:
- a. Að þau verða aðeins gefin út ef brýna nauðsyn ber til
 - b. Að þau verða aðeins gefin út þegar Alþingi er að störfum
 - c. Að þau verða aðeins gefin út þegar forseti Alþingis er að störfum
 - d. Að þau mega ríða í bága við stjórnarskrána, enda séu þau lögð fyrir Alþingi þegar það kemur saman
 - e. Svör a., b. og d. eru öll rétt
42. Handhafar lagasetningarvalds geta falið handhöfum framkvæmdarvalds:
- a. Vald til að setja almenningi hvers konar reglur
 - b. Vald til að setja borgurunum reglur, þó aðeins innan vissra marka
 - c. Ótakmarkað vald til að setja reglur um ákveðið efni jafnvel þótt stjórnarskráin áskilji lög Alþingis
 - d. Vald til að setja reglur þegar stjórnarskráin heimilar það sérstaklega
43. Hver af eftirfarandi fullyrðingum er rétt:
- a. Fjárlög eru lögð fram og samþykkt í ríkisstjórn en að því búnu send Alþingi til umsagnar
 - b. Ráðherrar (ríkisstjórn) fara með fjárveitingarvaldið
 - c. Fjárlög eru lögð fram þegar brýna nauðsyn ber til. Eigi mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána
 - d. Frumvarp til fjárlaga er skylt að leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi
 - e. Aldrei skal leggja fram frumvarp til fjárlaga eftir að Alþingi kemur saman
44. Meginreglur laga:
- a. Eru mikilvægar reglur í settum lögum, t.d. reglur um mannréttindi
 - b. Eru óskráðar reglur sem álykta má um með vísan til annarra réttarreglna, t.d. með vísan til settra laga
 - c. Eru sjónarmið um það sem er eðlilegt, sanngjarnt og réttlátt

- d. Eru það sama og grundvallarlög
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt
45. Ef leggja ætti þjóðkirkjuna niður:
- a. Væri nægilegt að breyta almennum lögum
 - b. Væri nægilegt að breyta almennum lögum og reglugerðum
 - c. Þyrfti að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu
 - d. Myndi nægja að breyta stjórnarskránni með venjulegum hætti
 - e. Myndi nægja samþykkt ríkisstjórnar þess efnis
46. Stjórnsýslulög nr. 37/1993:
- a. Gilda um meðferð mála hjá dómstólum og ríkisstjórn
 - b. Gilda um hvers konar athafnir stjórnvalda, m.a. ýmsa þjónustu sem stjórnvöld veita
 - c. Gilda um stjórnvaldsákvarðanir
 - d. Gilda um stjórnvaldsákvarðanir og stjórnvaldsfyrirmæli
 - e. Gilda um skráð fyrirmæli og ákvarðanir handhafa allsherjarvalds
47. „Þingsályktanir eru viljayfirlýsingar Alþingis sem almennt hafa ekki að geyma bindandi reglur“. Hvað af eftirfarandi á við um þessa fullyrðingu?
- a. Fullyrðingin er rétt
 - b. Fullyrðingin er röng
 - c. Fullyrðingin er hvorki rétt né röng, enda eru þingsályktanir óþekktar hér á landi
48. Ákvæði Jónsbókar frá 1281:
- a. Hafa aldrei verið í gildi á Íslandi
 - b. Eru að einhverju leyti enn í gildi
 - c. Eru að fullu fallin úr gildi
 - d. Voru nýlega felld úr gildi með lögum nr. 95/1995 um lagahreinsun og lagasamræmingu
49. Hvað af eftirfarandi er dæmi um stjórnvaldsfyrirmæli?
- a. Ákvörðun lögreglustjóra um veitingu ökuréttar
 - b. Lög Alþingis um verndun snæhéra
 - c. Reglugerð ráðherra um tilhögun umferðarmerkinga
 - d. Ákvörðun ráðherra um veitingu stöðu forstjóra ríkisstofnunar
 - e. Svör a. og d. eru bæði rétt
50. Hver af eftirfarandi fullyrðingum er rétt?
- a. Íslenskir dómstólar víkja aldrei frá fordæmum Hæstaréttar
 - b. Íslenskir dómstólar telja sig aldrei bundna af fordæmum Hæstaréttar
 - c. Íslenskir dómstólar fylgja yfirleitt fordæmum Hæstaréttar
 - d. Íslenskir dómstólar fylgja yfirleitt fordæmum Hæstaréttar, enda er reglu þessa efnis að finna í lögum um dómstóla
 - e. Íslenskir dómstólar fylgja yfirleitt aldrei fordæmum Hæstaréttar enda er mjög algengt að Hæstiréttur víki sjálfur frá eigi fordæmum

Ágrip úr réttarfari (25%)

Mánudagur 10. nóvember 2003 16:00-20:00

Próf í verðbréfamíðlun samkvæmt 11. gr. laga nr. 13/1996 og reglugerð nr. 301/1999.

Leyfileg hjálpargögn: Lagasafn, A-deild Stjórnartíðinda og sérprentanir af lögum (m.a. af Netinu)

Svarist á sér próförk

1. (10%) Hver er munurinn á áfrýjun og kæru til Hæstaréttar?
2. (15%) Gerið í stuttu máli grein fyrir eftirfarandi:
 - a) Hver er munurinn á sönnunarbyrði í opinberum málum og einkamálum? (5%)
 - b) Hver eru réttaráhrif þess ef aðili einkamáls í héraði sækir ekki dómþing? (útivist aðila?) (5%)
 - c) Hvað er varnarþing? (5%)

Ábyrgðir (25%)

Mánudagur 10. nóvember 2003 16:00-20:00

Próf í verðbréfamíðlun samkvæmt 11. gr. laga nr. 13/1996 og reglugerð nr. 301/1999.

Leyfileg hjálpargögn: Lagasafn, A-deild Stjórnartíðinda og sérprentanir af lögum (m.a. af Netinu)

Svarist í sér próförk

Fjallið um ógildingu kröfuábyrgða vegna rangra eða brostinna forsenda ábyrgðarmanns. 25%